

## AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 3. ágúst 1926, sbr. reglugerð nr. 9 4. janúar 1941 og nr. 73 13. maí 1942.

Vörugjald af ísvörðum fiski skal vera 2 kr. af hverjum 100 kg til ársloka 1946. Frá þeim tíma gilda aftur óbreytt ákvæði reglugerðar nr. 73 13. maí 1942, um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 30. ágúst 1926, sbr. reglugerð nr. 9 4. janúar 1941.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 og hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 10. nóvember 1913, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. febrúar 1946.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð frá Ragnheiðar Einarasdóttur frá Efra-Hvoli“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. febrúar 1946. 29 5. febr.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð frá Ragnheiðar Einarasdóttur frá Efra-Hvoli.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Kvenfélagi Hvolhrepps og er að upphæð kr. 1000.00.

2. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður frá Ragnheiðar Einarasdóttur frá Efra-Hvoli.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í tryggum opinberum sjóðum eða í veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Leggja skal alla vexti við höfuðstólinn þar til hann nemur kr. 10000.00, þá má veita helming vaxta. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 50000.00 má veita  $\frac{3}{4}$  hluta vaxta. Öllum vöxtum sjóðsins má ekki úthluta fyrr en sjóðurinn er orðinn kr. 150000.00.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja ungar og efnilegar stúlkur eða konur úr Hvolhreppi til náms í húsmæðraskólum. Þær stúlkur skulu fyrir ganga, sem nám stunda